



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
www.kpmg.is

Samningur um þjónustu

Samningur þessi er á milli ráðgjafarsviðs KPMG ehf., kt. 590975-0449, hér eftir nefnt „KPMG“ og Grósku ehf., kt. 680515-1580, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, hér eftir nefnt „verkkaupi“ eða „Gróska“, um þjónustu og þóknun KPMG vegna skjalagerðar, verðmats og veðgæsluhlutverks. Samningurinn er byggður á tilboðum KPMG dags. 17. og 22. febrúar 2022 sem og frá 1. mars 2022 sem eru viðaukar við samning þennan.

1 Hlutverk KPMG og umfang þjónustu

Hlutverk KPMG verður að veita Grósku þjónustu vegna fyrirhugaðrar grænnar skuldabréfaútgáfu þess sem félagið vinnur nú að vegna endurfjármögnunar á fasteign sinni ásamt árlegri mats og staðfestingarvinnu. Verkefni KPMG felur meðal annars í sér skjalagerð, verðmat og veðgæslu- og umboðshlutverk.

Nánar tiltekið verða verkefni KPMG eftirfarandi:

- Ritun tveggja einfaldra útgáfulýsinga vegna rafrænt skráðra grænna skuldabréfa Grósku („skuldabréfaútgáfan“) ásamt tilheyrandi tryggingarbréfi með veði í fasteign verkkaupa. Því til viðbótar gerð samnings um veðgæslu og umboðsmennsku vegna skuldabréfaútgáfu verkkaupa.
- Verðmat á fasteign verkkaupa að Bjargargötu 1 í Reykjavík með fasteignanúmerið: F2327933. Árleg uppfærsla verðmats fasteignarinnar með hliðsjón af skilmálum í skuldabréfaútgáfu félagsins.
- Að taka að sér hlutverk veðgæslu- og umboðsaðila til að gæta hagsmuna skuldabréfaeigenda vegna áður greindrar skuldabréfaútgáfu á grundvelli sérstakra samninga þar um.

KPMG getur boðið verkkaupa frekari þjónustu en tilgreind er hér að framan, en um slíka þjónustu verður samið sérstaklega eða gerður viðauki við samning þennan.

Vinna KPMG er frábrugðin, bæði í umfangi og markmiðum, frá hefðbundinni endurskoðun og sambærilegum skoðunum. Þess vegna mun KPMG ekki gefa út álit eða aðra staðfestingu á reikningsskilum verkkaupa eða innra eftirliti í þessu verkefni. Þá felst ekki í vinnu KPMG staðfesting á áreiðanleika þeirra upplýsinga sem vísað verður til.

Við framkvæmd verkefnisins og framsetningu niðurstaðna eða tillagna mun KPMG hafa að leiðarljósi hagkvæmni og skilvirkni fyrir verkkaupa. KPMG kemur fram sem þjónustuaðili verkkaupa eingöngu.

Allar ákvarðanir teknar á grundvelli vinnu KPMG eru á ábyrgð verkkaupa.

2 Afurðir verkefnisins

KPMG mun afhenda verkkaupa skjalagerð og skýrslu/kynningu vegna niðurstöðu verðmats á fasteign verkkaupa. Verða framangreind gögn afhent í drögum áður en lokaskjöl verða afhent enda liggja fyrir staðfesting stjórnenda verkkaupa á að fyrirliggjandi upplýsingar sem vinnan byggir á séu réttar. Verða umrædd gögn afhent með rafrænum hætti.

Skýrslur, önnur skjöl og rafræn samskipti sem unnin eru í tengslum við umrætt verkefni eru eingöngu ætluð til innri nota fyrir verkkaupa en ekki til dreifingar til þriðja aðila án sérstaks

samþykkis KPMG og undirritunar skaðleysisyfirlýsingar (e. Hold Harmless) af hálfu þeirra sem fá afhentar niðurstöður vinnu KPMG. Takmörkun þessi á þó ekki við um skjöl sem unnin verða í því skyni að afhenda þriðja aðila, s.s. skjalagerð vegna skuldabréfaútgáfu og staðfestingar veðgæsluaðila vegna hlutverks hans fyrir skuldabréfaeigendur.

Verkkaupa er ekki heimilt að dreifa afurð KPMG í breyttri eða styttri mynd nema að fengnu skriflegu samþykki KPMG.

3 Tímaáætlun

Verkefnið hefst strax og verkkaupi hefur samþykkt samning þennan.

Gert er ráð fyrir að drög að skjalagerð og verðmat verkefninu verði lokið eigi síðar en 23. mars n.k..

Framangreind tímaáætlun er háð upplýsingagjöf frá verkkaupa og eftir atvikum Arion banka hf. og hvernig gengur að vinna úr þeim upplýsingum sem berast KPMG.

4 Ráðgjafar KPMG og samskipti

Helga Harðardóttir, partner á ráðgjafarsviði KPMG mun leiða verkefnið og er ábyrgðarmaður þess.

Til aðstoðar verða eftirtaldir sérfræðingar:

- *Guðmundur Freyr Hermannsson, verkefnastjóri*
- *Árni Huldar Sveinbjörnsson, verkefnastjóri*

Leitað verður til annarra sérfræðinga KPMG ehf. eða KPMG Law ehf. eftir þörfum.

Tengiliður verkkaupa við KPMG er Vera Antonsdóttir, framkvæmdastjóri.

5 Þóknun KPMG

Þóknun KPMG byggir á áætluðu umfangi og að teknu tilliti til tímagjalds ráðgjafa samkvæmt verðskrá KPMG. Er þóknun einstakra hluta verkefnisins fast, byggt á tilboðum KPMG þar um og er eftirfarandi:

- a) Fyrir skjalagerð 1.200.000,- kr. auk virðisaukaskatts.
- b) Fyrir verðmat fasteignar í upphafi 1.050.000,- kr. auk virðisaukaskatts. Árleg uppfærsla á verðmati fasteignar 600.000,- kr. auk virðisaukaskatts.
- c) Fyrir hlutverk veðgæslu- og umboðsaðila skuldabréfaútgáfunnar 700.000,- kr. á ári. Tekur framangreind fjárhæð breytingum til hækkunar í samræmi við launavísitölu en grunnur hennar er 835,4 við undirritun samningsins. Getur grunnur launavísitölu því aldrei orðið lægri en upphafsgildi hennar.

Ef umfang verksins vex á verktímanum eða ef upp koma atriði sem leiða til þess að fyrirsjáanlegt er að verkið fari fram úr fyrrnefndri kostnaðaráætlun, s.s. vegna tafa á afhendingu gagna, munu KPMG og verkkaupi ræða og semja um áhrif breyttra forsendna á þóknun KPMG.

Reikningur verður sendur eftir því sem verkefninu miðar áfram í gegnum skeytamiðlun.

Útlagður kostnaður, ef um slíkan kostnað er að ræða, verður innheimtur sérstaklega samkvæmt sundurliðun. Ávallt skal þó leita samþykkis verkkaupa fyrirfram ef slíkur kostnaður er hærri en 50.000 kr.

Við veitingu þjónustu samkvæmt samningi þessum gæti verið þörf á að leita aðstoðar frá erlendum ráðgjöfum og mun KPMG almennt leita slíkrar aðstoðar frá öðrum KPMG fyrirtækjum á alþjóðavísu. Fyrirfram verður aflað samþykkis verkkaupa fyrir slíkri aðstoð og þóknun henni tengdri. Þóknun vegna erlendar ráðgjafar er innheimt sérstaklega.

Berist KPMG beiðni um gögn eða upplýsingar frá opinberum aðilum eða í tengslum við væntanlegt eða yfirstandandi dómsmál sem tengist verkefninu og KPMG er ekki aðili þess máls, greiðir verkkaupi KPMG kostnað sem hlýst af viðbótarvinnu KPMG samkvæmt tímagjaldi ráðgjafa.

6 Trúnaður

Við framkvæmd verksins skal verkkaupi sjá til þess að KPMG hafi aðgang að öllum þeim gögnum verkkaupa sem teljast nauðsynleg vegna framgangs verksins, þar með talið aðgang að stjórnendum og öðru starfsfólki, gögnum verkkaupa, upplýsingakerfum og starfsstöðvum. KPMG mun meðhöndla allar upplýsingar frá verkkaupa sem trúnaðarupplýsingar og mun einungis afhenda slíkar upplýsingar þeim starfsmönnum KPMG sem sinna þeirri þjónustu við verkkaupa sem skilgreind er í samningi þessum. Þetta á ekki við um þær upplýsingar sem KPMG ber skylda til að láta af hendi samkvæmt lögum og reglum eða í samræmi við faglega staðla, né heldur þær sem teljast til eða munu teljast til opinberra upplýsinga.

7 Takmörkun á skaðabótaskyldu

Skaðabótaskylda KPMG gagnvart verkkaupa vegna hugsanlegs beins eða óbeins tjóns sem verkkaupi verður fyrir og er afleiðing af þjónustu KPMG í tengslum við þetta verkefni er takmörkuð. Skaðabótaskyldan takmarkast við tvöfalda þóknun sem verkkaupi greiðir KPMG fyrir verkefnið.

8 Ýmislegt

KPMG er tilkynningaskyldur aðili á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að afla fullnægjandi upplýsinga um raunverulega eigendur og uppruna fjármagns, byggt á eðli viðskipta og umfangi.

Með undirritun samnings þessa staðfestir verkkaupi að tilgangur með kaupum á þjónustu KPMG sem og fjármögnun hennar, brjóti ekki gegn framangreindum lögum eða öðrum lögum eða reglugerðum sem settar hafa verið á sama grundvelli.

Um atriði sem ekki koma fram í samningi þessum er vísað til almennra viðskiptaskilmála ráðgjafarþjónustu KPMG sem eru meðfylgjandi í viðauka.

Breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega og samþykktar af aðilum sem til þess hafa lagalega heimild.

Samningur þessi gildir einungis um veitingu þeirrar þjónustu sem tilgreind er og þar til þeirri þjónustu er lokið af hálfu KPMG.

Samningurinn verður tekinn til endurskoðunar ef verulegar breytingar verða á umfangi verkefna eða öðrum skilmálum samningsins sem hvor aðili telur nauðsynlegt að taka til endurskoðunar og ef breytingar verða á lögum, reglum eða stöðlum sem gilda um starfsemi KPMG.

Um samning þennan gilda íslensk lög og er heimilt að reka ágreining hans vegna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur náist ekki samkomulag milli aðila.

Reykjavík, _____

Ég hef lesið og skil þá skilmála sem samningur þessi og viðauki við hann felur í sér. Í viðauka eru „Almennir viðskiptaskilmálar ráðgjafarþjónustu“. Ég hef heimild til að undirrita fjárskuldbindingar fyrir hönd verkkaupa og samþykki ég samninginn og skilmála hans með undirritun minni.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

F.h. KPMG ehf.

F.h. Grósku ehf.

Helga Harðardóttir, Partner

Vera Antonsdóttir, framkvæmdastjóri

Viðauki

Almennir viðskiptaskilmálar ráðgjafarþjónustu

Þessir almennu viðskiptaskilmálar gilda um þjónustu sem KPMG veitir viðskiptavinum samkvæmt verksamningi (hér eftir „verksamningurinn“).

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda um þessa almennu viðskiptaskilmála og verksamninginn:

KPMG: KPMG ehf. og KPMG Law ehf. á Íslandi. Ekki er átt við KPMG International („KPMGI“) eða nokkurt annað aðildarfyrirtæki KPMG.

KPMG-aðilar: KPMG ehf. og KPMG Law ehf. á Íslandi og hver og einn hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður, eftir því sem við á, og hver sú lögpersóna sem KPMG ræður yfir eða á. Einnig KPMGI eða annað aðildarfyrirtæki KPMGI, sem og hver og einn félagi þess aðila, hluthafi, meðlimur, stjórnarmaður, starfsmaður eða umboðsmaður.

Þjónusta og skyldur KPMG

1. Í verksamningnum er skilgreind sú þjónusta sem um er samið á milli KPMG og verkkaupa. Komi fram misræmi milli verksamningsins og almennra viðskiptaskilmála skal verksamningurinn gilda.
2. Hver liður eða skilmáli í verksamningnum og almennu viðskiptaskilmálunum er aðskilið og sjálfstætt ákvæði. Verði eitthvert ákvæði dæmt ógilt eða óframkvæmanlegt skulu önnur ákvæði halda fullu gildi og virkni að því marki sem landslög framast leyfa.
3. Þjónustan verður innt af hendi svo vel og vandlega sem eðlilegt er að krefjast. Þjónustan er í formi ráðgjafar, s.s. framsetningu valkosta, en KPMG tekur ekki ákvarðanir fyrir hönd stjórnenda viðskiptavinarins nema sérstaklega sé samið um slíkt og það stríði ekki gegn reglum sem gilda um óhæði endurskoðanda og hagsmunaárekstra að öðru leyti.
4. Ef einstakir starfsmenn eru nefndir í verksamningnum mun KPMG leitast við að tryggja að þeir vinni viðkomandi störf eftir því sem unnt er. KPMG áskilur sér þó rétt til að fela verkið öðrum jafnhæfum eða sambærilega hæfum starfsmönnum.
5. Við framkvæmd verksins kann KPMG að verða áskynja um upplýsingar sem eru viðkvæmar fyrir starfsemi eða málefni verkkaupa („trúnaðarupplýsingar“). Við meðferð slíkra trúnaðarupplýsinga mun KPMG fylgja landslögum, stjórnvaldsreglum og öðrum ákvæðum um meðferð trúnaðarupplýsinga sem KPMG ber að fylgja.

Framangreind trúnaðarskylda á ekki við um upplýsingar sem löglega eru á almannavitorði eða sem skylt er að láta uppi samkvæmt lögum, stjórnvaldsreglum eða dómsúrskurði. KPMG er heimilt að láta uppi trúnaðarupplýsingar þegar nauðsyn krefur gagnvart váttryggingafélagi eða ráðgjöfum í tengslum við starfsábyrgðartryggingar KPMG, en það yrði einungis gert í trúnaði. Jafnframt kann að vera nauðsynlegt að láta trúnaðarupplýsingar í té öðrum KPMG-aðilum í tengslum við veitingu þjónustunnar samkvæmt verksamningnum.

KPMG er heimilt að nota og veita trúnaðarupplýsingar eftir því sem þörf krefur til annarra KPMG-aðila í því skyni að framkvæma innri

áhættuathuganir á viðskiptavin og verkefni, s.s. í tengslum við könnun á óhæði endurskoðanda eða mögulegum hagsmunaárekstrum, og í tengslum við gæðamál og skyldubundið gæðaeftirlit.

KPMG hlítir lögum og reglum um vernd gagna og persónuupplýsinga í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum. Að öðru jöfnu telst KPMG ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við ráðgjafarverkefni, nema annað leiði af verksamningi eða eðli máls.

KPMG er heimilt að nýta upplýsingar um verkkaupa og verkefnið til að uppfæra samskiptaskrár KPMG og samskiptagrunna um starfsmenn verkkaupa í þeim tilgangi að auðvelda samskipti við þá starfsmenn sem verkefnið varðar.

Rafræn vinnsla og varðveisla gagna er meðal annars í skýjalausnum staðsettum innan Evrópusambandsins og fer fram með þeim hætti að KPMG uppfyllir allar viðeigandi trúnaðarskyldur og gerir ráðstafanir til að lágmarka áhættu á óheimiluðum aðgangi eða notkun á upplýsingum og gögnum og/eða tap eða eyðileggingu á slíkum gögnum.

Við vinnslu verkefnis kunna upplýsingar um verkkaupa að fara á milli KPMG ehf. og KPMG Law ehf., en bæði félögin lúta sömu reglum hvað varðar trúnað og meðferð persónuupplýsinga.

6. Í tengslum við markaðssetningu, auglýsingu eða sölu á þjónustu kann KPMG að vilja skýra frá því með almennum hætti að KPMG hafi unnið fyrir verkkaupa. Ekki yrði greint frá trúnaðarupplýsingum í því samhengi.
7. Afurðir verkefnisins eru skilgreindar í verksamningnum og eru aðeins gerðar í þágu verkkaupa nema samið sé sérstaklega um annað. Ef verkkaupi hyggst treysta á munnlega ráðgjöf sem kann að hafa verið veitt er það á hans ábyrgð nema KPMG veiti skriflega staðfestingu á viðkomandi ráðgjöf. Ekki ber heldur að treysta á drög að ráðgjöf, minnisblaði, greinargerð eða skýrslu eins og um lokaafurð væri að ræða.
8. KPMG er ekki skylt að uppfæra ráðgjöf, skýrslu eða aðrar afurðir þjónustunnar eftir verklok nema samið sé um slíkt sérstaklega.
9. Ef KPMG lætur í té ráðgjöf, mat eða spá sem hluta þjónustunnar felur það ekki í sér neins konar ábyrgð KPMG á spám, ágiskunum eða mati á líkindum er varða atvik eða aðstæður í framtíðinni.

Hugverka- og eignarréttur

10. Höfundarréttur og allur annar hugverkaréttur að afurðum þjónustunnar, hvort sem hún er veitt munnlega eða í efnislegu formi, skal haldast í eigu KPMG, svo og eignarréttur að vinnuskjölum KPMG. Verkkaupi öðlast eignarrétt að afurð þjónustunnar í efnislegu formi við greiðslu til KPMG fyrir afurðina. Í því skyni að veita verkkaupa og öðrum viðskiptavinum þjónustu er KPMG og öðrum KPMG-aðilum heimilt að nota, þróa og skiptast á þekkingu, reynslu og verkunnáttu sem orðið hefur til við veitingu þjónustunnar. KPMG er heimilt að nýta almennar upplýsingar úr verkefninu í gagnagrunna

sem KPMG á aðild að. Slíkar upplýsingar eru þó aldrei rekjanlegar til einstakra viðskiptavina.

11. Verkkaupa er ekki heimilt að afrita einkennismerki KPMG (logo) í nokkru formi eða með nokkrum miðli nema að fengnu fyrirfram samþykki KPMG.
12. Ef verkkaupi fer fram á að KPMG noti við veitingu þjónustunnar tæki, búnað eða aðrar eignir í eigu verkkaupa, ber verkkaupi ábyrgð á að notkun þeirra brjóti ekki í bága við hugverkaréttindi eða önnur réttindi þriðja aðila.

Greiðslur til KPMG

13. KPMG mun gefa út reikninga vegna þjónustunnar er samanstanda af þóknun, lögbundnum sköttum og eftir atvikum útlögðum kostnaði, sbr. nánari ákvæði í verksamningnum. Greiðslur til KPMG kunna að verða aðrar en áætlað hefur verið eða gefið upp í verksamningnum, t.d. ef viðbótarpóknun eða útlagður kostnaður stafa af því að KPMG hefur ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar til að láta þjónustuna í té.
14. Verkkaupa ber að greiða framlagða reikninga KPMG án frádráttar eða skuldajafnaðar, nema lög heimili annað. Gjaldldagi reiknings er tilgreindur á reikningi og eindagi er 12 dögum eftir gjaldldaga, nema um annað sé samið í verksamningnum.
15. Ef reikningur er ekki greiddur á eindaga leggjast við ógreiddar fjárhæðir dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á grundvelli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
16. Ef verksamningnum er sagt upp eða hann felldur úr gildi tímabundið á KPMG rétt á að fá útlagðan kostnað fram að þeim tíma greiddan, sem og þóknun fyrir unna vinnu ásamt virðisaukaskatti, eftir því sem við á.
17. Ef fleiri en einn aðili er verkkaupi samkvæmt verksamningnum ber hver verkkaupi um sig óskipta ábyrgð á greiðslum til KPMG nema kveðið sé á um annað í verksamningnum.
18. Berist KPMG beiðni um gögn eða upplýsingar frá opinberum eftirlitsaðilum eða í tengslum við væntanlegt eða yfirstandandi dómsmál sem tengist þjónustunni og sem KPMG er ekki aðili að, greiðir verkkaupi KPMG kostnað sem hlýst af viðbótavinnu KPMG samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Skvöldur verkkaupa

19. Verkkaupi ber ábyrgð á stjórn, starfsemi og rekstri fyrirtækis síns, sem og ákvörðunum um hvernig skuli nýta ráðgjöf og afurðir þeirrar þjónustu sem KPMG veitir og að hvaða marki verkkaupi vill byggja á þeim eða framkvæma þær. Einnig ber verkkaupi ábyrgð á ákvörðunum sínum sem hafa áhrif á þjónustuna, afurðir þjónustunnar og hagsmuni verkkaupa að öðru leyti.

Einn liður í að samþykkja nýja viðskiptavinum og verkefni hjá KPMG er áreiðanleikakönnun sem nýir viðskiptavinir þurfa að fylla út. Jafnframt eru viðskiptavinir áhættumetnir með reglulegu millibili. Röng eða misvísandi upplýsingagjöf viðskiptavinar kann að leiða til endurmats á fyrra áhættumat eða slita á viðskiptasambandi.

20. Þegar verkkaupi fer fram á það eða þegar þjónustan er þess eðlis að hagræmum má telja að unnið verði í húsnæði og rafrænu umhverfi verkkaupa, ber honum að gera fullnægjandi ráðstafanir varðandi aðgang, öryggi og vírusvarnir, og að aðstaða, leyfi og samþykki liggja fyrir eins og þörf kann að vera á, KPMG að kostnaðarlausu.

Í því getur falist að starfsmenn KPMG sem sinna verkefni fyrir verkkaupa fái aðgang að kerfis- og hugbúnaðarlausnum verkkaupa, þar með talið þeim lausnum sem hýstar eru af þriðja aðila, s.s. skýjalausnum, eftir því sem við á.

Verkkaupi skal eftir því sem við á veita hverjum starfsmanni KPMG sem sinnir þjónustu samkvæmt samningi þessum, persónugreinanlegan aðgang sem notaður er til að tengjast netkerfi og þeim kerfis- og hugbúnaðarlausnum sem um ræðir.

Þegar verkefni er lokið skal verkkaupi gera aðgang starfsmanns KPMG óvirkan. Verkkaupi samþykkir þá áhættu sem slíkum tengingum og aðgangsveitingu kann að fylgja.

21. Verkkaupa er ekki heimilt dreifa afurð KPMG í breyttri eða styttri mynd nema að fengnu skriflegu samþykki KPMG. Ef verkkaupi lætur af hendi einhverja afurð þjónustunnar, að hluta eða öllu leyti, til þriðja aðila, ber honum að tilkynna viðkomandi aðila skriflega eftirfarandi, nema sambærilegir fyrirvarar komi fram í afurðinni:

- Að vinna KPMG hafi verið unnin fyrir verkkaupa og eingöngu í hans þágu í samræmi við ákvæði verksamnings.
- Afurðin hafi ekki verið ætluð til afnota fyrir aðra og að því marki sem lög framast leyfa taki KPMG enga fjárhagslega eða aðra ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við þjónustuna eða afurðir hennar.

Upplýsingar

22. Í því skyni að unnt verði að veita þjónustuna skal verkkaupi veita KPMG allar upplýsingar og aðstoð og fullan aðgang að gögnum í hans eigu, umsjá eða umráðum, svo og að starfsfólki sem hann hefur yfir að segja. Verkkaupi skal af fremsta megni leitast við að útvega framangreint þótt það sé ekki í hans eigu, umsjón eða yfirráðum. Verkkaupi skal láta KPMG í té vitneskju og skýra frá atvikum sem hann kann að verða áskynja um og kunna að varða þjónustuna. Verkkaupi skal jafnframt veita KPMG þær upplýsingar sem óskað kann að verða eftir í því skyni að KPMG geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum um skýrslugjöf til yfirvalda varðandi peningaþvætti eða önnur lögbrot sem KPMG kann að verða áskynja um þegar þjónustan er veitt og kunna trúnaðarupplýsingar að vera þar á meðal.
23. Ef verkkaupi eða einhver af dótturfélögum eða öðrum tengdum aðilum verkkaupa, hafa fjárhagslega hagsmuni eða viðveru í einhverju aðildarríki Evrópusambandsins (ESB), kann verkkaupi að eiga í tilkynningarskyldum viðskiptum sem falla undir reglur ESB um tilkynningarskyld viðskipti („EU Mandatory Disclosure Requirements for Intermediaries and Taxpayers”). Verkkaupa er bent á að leita lögfærð- eða skattaráðgjafar hjá sérfræðingum í þessum reglum. Tekið skal fram að KPMG mun ekki geta veitt verkkaupa neina vissu um að hann hafi fylgt framangreindum reglum um tilkynningarskyld viðskipti. Ef verkefnið felur í sér aðkomu KPMG aðildarfélags sem starfar innan ESB, beint eða í gegnum samning við KPMG á Íslandi, kann því KPMG félagi að vera skylt að upplýsa viðkomandi skattayfirvöld um einstök atriði ráðgjafar eða afurðar verkefnis sem KPMG hefur unnið samkvæmt framangreindum reglum. Að svo miklu leyti sem lög leyfa ber KPMG enga ábyrgð gagnvart verkkaupa á afleiðingum, tjóni, kröfum, álagi, sektum, aðgerðum eða kvörtunum sem kunna að vera afleiðing af, vera tilefni til eða á annan hátt tengjast slíkri upplýsingagjöf.
24. KPMG er heimilt að byggja á munnlegum eða skriflegum fyrirmælum, beiðnum, tilkynningum og upplýsingum frá hverjum þeim sem KPMG veit eða hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hafi heimild verkkaupa til að eiga samskipti við KPMG í tengslum við þjónustuna.
25. Samskipti og gagnaskil KPMG og verkkaupa geta farið fram í gegnum tölvupóst eða önnur samskipta- og gagnavörsluferfi, svo fremi að verkkaupi sætti sig við að bera ábyrgð á þeirri áhættu sem slíkum samskiptum fylgir og að því tilskildu að verkkaupi viðhafi fullnægjandi varnir, svo sem vírusvarnir og öryggisviðbætur. Verkkaupi ber ábyrgð á öryggi upplýsinga í vörslu hans, þar á meðal á gögnum í hans vörslu sem stafa frá KPMG.

26. Svo sem lög framast leyfa ber KPMG ekki ábyrgð gagnvart verkkaupa á tapi eða tjóni hans sem stafar af sviksamlegu atferli, rangfærslum, þögn eða aðgerðarleyfi varðandi atriði sem varða þjónustuna eða öðrum ágöllum á veittum upplýsingum, hvort sem þeir eru sök verkkaupa eða annarra upplýsingagjafa, nema hið sviksamlega atferli, rangfærslan, þögnin eða ágallinn hafi verið bersýnilega augljós KPMG án frekari athugunar.
27. Aðgreining er milli verkefnateyma og takmörkun á aðgangi að gögnum um verkefni hjá KPMG. Verkkaupi skal ekki ætlast til þess af verkefnahópnum að hann nýti sér eða skýri verkkaupa frá neinum þeim upplýsingum sem trúnaður ríkir um gagnvart öðrum viðskiptavinum, hvort sem þær eru kunnar þeim sem hann skipa eða öðrum verkefnahópnum eða KPMG-aðilum.
28. KPMG kann að veita þjónustu, eða vera beðið um að veita þjónustu, öðrum aðila eða aðilum sem hafa hagsmuna að gæta eða keppa við hagsmuni verkkaupa eða eru þeim andstæðir. KPMG er og skal áfram vera frjálst að veita andstæðum aðilum þjónustu, en séu hagsmunir andstæðs aðila sérstaklega og beinlínis andstæðir hagsmunum verkkaupa hvað snertir efni þjónustunnar skal verkefnahópurinn ekki veita andstæða aðilanum þá þjónustu. Aðrir verkefnahópar eða KPMG-aðilar skulu aðeins veita andstæðum aðila þjónustu ef viðeigandi aðgreining er til staðar, s.s. með aðskilnaði verkefnahópa og aðgangsstýringu gagna. Aðgreining skal fela í sér að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja raunhæfa hættu á að trúnaðarskylda KPMG gagnvart verkkaupa verði brotin.

Eftirgjöf, framsal og undirverktaka

29. Ef eitthvert þeirra sem fellur undir skilgreiningu á KPMG eða KPMG-aðila neytir eða beitir ekki rétti sem hann á, skal það ekki talið fela í sér eftirgjöf á neinum rétti þeirra.
30. Hvorki KPMG né verkkaupi mega framselja til annars aðila þau réttindi eða þær skyldur sem af verksamningnum leiða nema hinn aðilinn hafi veitt til þess skriflegt samþykki.
31. KPMG kann að telja þörf á að tilnefna undirverktaka til aðstoðar við að veita þjónustuna. Fjalla ber um slíka undirverktöku í verksamningnum eða viðauka við hann, hvort sem undirverktaki er KPMG-aðili eða ekki. Þegar undirverktaki kemur að verkefninu í hvaða tilgangi sem er skal liðið svo á að verk undirverktakans sé hluti þjónustunnar samkvæmt verksamningnum.

Takmörkun ábyrgðar

32. Svo sem landslög framast leyfa skal heildarábyrgð hvers KPMG-aðila sem tekur þátt í veitingu þjónustunnar og þeirra allra gagnvart verkkaupa og öðrum rétt höfum, hvernig sem hún er til komin eða á hvaða grundvelli sem er, á hverju því beina eða óbeina tjóni sem verkkaupi verður fyrir af þjónustunni eða í tengslum við hana, vera takmörkuð við fjárhæð sem nemur tvöfaldri þeirri þóknun sem greiða ber KPMG samkvæmt verksamningnum. Takmörkun á ábyrgð á þó ekki við um tjón sem KPMG kann að valda af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ef aðilar verksamningsins og aðrir sem rétt kunna að eiga á afurð þjónustunnar eru fleiri en einn skulu þeir skipta á milli sín þeirri takmörkuðu bótafjárhæð sem fallist er á í þessum lið.
33. Þrátt fyrir ákvæði liðar 32 skal þó ábyrgð KPMG aðila aldrei nema hærri fjárhæð en þeim hluta heildartaps eða heildartjóns sem sanngjarnt er og eðlilegt að KPMG-aðili beri, að teknu tilliti til mögulegrar eigin sakar verkkaupa eða annarra rétt hafa þjónustu samkvæmt verksamningnum, ef um það er að ræða, og með hliðsjón af því að hvaða marki KPMG-aðilum verður um viðkomandi tap eða tjón kennt og að hvaða marki aðrir aðilar eru einnig eða kunna að vera ábyrgir gagnvart verkkaupa eða öðrum rétt höfum fyrir sama tapi eða tjóni.
34. Verkkaupi og aðrir rétt hafa skulu ekki hafa uppi kröfur gegn neinum öðrum KPMG-aðila en viðsemjanda samkvæmt verksamningnum vegna taps eða tjóns verkkaupa eða annars rétt hafa sem stafar af þjónustunni eða stendur í tengslum við hana.

35. Ábyrgð KPMG gagnvart verkkaupa eða öðrum rétt hafa fellur niður ef tjón stafar af sviksemi, blekkingum eða öðru sambærilegu af hálfu verkkaupa eða starfsmanna hans.

36. Verkkaupa ber að halda KPMG og öðrum KPMG-aðilum skaðlausum og bæta, endurgreiða og vernda gegn hverju því tapi, tjóni, útgjöldum eða ábyrgð sem þessir aðilar verða fyrir, sem verður vegna eða í tengslum við eftirfarandi aðstæður:

- Hvers konar brot verkkaupa gegn skyldum sínum samkvæmt verksamningnum og hvers kyns kröfur sem þriðji aðili eða annar rétt hafi gerir eða hótar að gera og leiða af, orsakast af eða tengjast slíku broti, eða
- hvers konar afhendingu verkkaupa á afurðum þjónustu KPMG, í hluta eða heild, til þriðja aðila án þess að getið hafi verið um þá fyrirvara sem fjallað er um í lið 21 í þessum viðskiptaskilmálum, að því er varðar ráðgjöf sem eingöngu er veitt í þágu verkkaupa.

Réttindi þriðju aðila

37. Með verksamningnum er ekki stofnað til eða stefnt að því að stofna til nokkurra réttinda til handa þriðja aðila, þ. á m. móðurfélags verkkaupa þegar það á við. Að því marki sem lög leyfa á þriðji aðili engan rétt til að framfylgja eða byggja á neinu ákvæði verksamningsins sem berum orðum eða samkvæmt túlkun þess veitir eða kann að veita þriðja aðila einhvern rétt eða réttindi, beint eða óbeint. Enginn KPMG-aðili telst vera þriðji aðili í skilningi þessa liðar.

Tímamörk krafna

38. Krafa verkkaupa eða annars rétt hafa vegna taps eða tjóns er orsakast eða leiðir af verksamningnum eða tengist honum, skal sett fram án ástæðulauss dráttar og innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Uppsögn, riftun o.fl.

39. Sérhver aðili verksamningsins getur hvenær sem er sagt honum upp með fyrirframgefni skriflegri tilkynningu til hins aðilans með 30 daga fyrirvara. Aðili verksamningsins getur rift samningnum fyrirvaralaust ef sýnt er fram á verulegar vanefndir á samningnum eða ef aðili uppfyllir ekki skyldur sínar og verður ekki við áskorun um að bæta úr innan þriggja daga. Riftun er einnig heimil ef breytingar verða á lögum, reglum eða stöðlum sem leiða til þess að KPMG er óheimilt að veita þjónustuna. Uppsögn eða riftun samkvæmt þessum lið hefur ekki áhrif á nein réttindi sem aðili kann að hafa öðlast áður en uppsögnin eða riftunin á sér stað, og allt það fé sem greiða ber KPMG samkvæmt verksamningnum skal að fullu verða gjaldkræft þegar uppsögn eða riftun kemur til framkvæmdar.

40. Að því marki sem landslög framast leyfa skulu ákvæði þessara almennu viðskiptaskilmála gilda áfram þó verksamningur renni út, honum er sagt upp eða rift.

Force Majeure

41. Hvorugur aðili skal talinn hafa vanefnt verksamning eða bera ábyrgð á töfum tengdum skyldum aðilanna við framkvæmd þjónustunnar samkvæmt verksamningnum vegna óviðráðanlegra ytri atvika sem þeim verður af sanngírni ekki kennt um. Hvor aðili um sig skal þó tilkynna hinum án tafar um slík atvik og gera það sem í hans valdi stendur til að sjá til þess að staðið verði við ákvæði verksamningsins.

Umboð

42. Verkkaupi samþykkir og fellst á ákvæði verksamningsins og almennu viðskiptaskilmálanna fyrir sína hönd og annarra rétt hafa eftir því sem við getur átt. Verkkaupi ábyrgist að sá sem undirritar verksamning fyrir hans hönd hafi umboð til þess að skuldbinda verkkaupa.

43. Sá sem undirritar verksamninginn fyrir hönd KPMG ber ábyrgð á samskiptum við verkkaupa varðandi framkvæmd þjónustunnar.

Lögsaga og varnarþing

44. Verksamningurinn eða almennu viðskiptaskilmálarnir skulu ekki í neinum atriðum hefta KPMG eða endurskoðanda sem starfar hjá KPMG við að uppfylla hvers konar skyldur eða skuldbindingar sem kveðið er á um í íslenskum lögum um endurskoðendur.

45. Um verksamninginn og almennu viðskiptaskilmálana gilda íslensk lög og skal vísa ágreiningi þeim tengdum til Héraðsdóms Reykjavíkur náist ekki samkomulag milli aðila.